

Reglur þessar eru settar samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, sbr. lög 98 nr. 58 25. maí 1949, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 107 12. júní 1950 um veitingu mótorrafastöðvalána úr raforkusjóði og auglýsingu nr. 153 10. júlí 1952 um breytingu á þeim reglum.

*Atvinnumálaráðuneytið, 5. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness, nr. 144 30. júlí 1951.

99  
7. júlí

Stafliðir B og D í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

### B. Til heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 38 aura hverja kwst.

Notandi greiði auk þess fastagjald kr. 5.00 á mánuði, fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, eða stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö.

### D. Til hitunar.

a.	13	aura	hverja	kwst.	með	allt	að	1½	klst.	rofi	á	sólarhring.
b.	12	—	—	—	—	—	—	2½	—	—	—	—
c.	9.5	—	—	—	—	—	—	4½	—	—	—	—
d.	7	—	—	—	—	—	—	14½	—	—	—	—
e.	26	—	—	—	—	—	—	án	rofs.	—	—	—

Gjaldið breytist hlutfallslega með útsöluverði á kolum í Reykjavík á hverjum tíma, en miðast hér við kolaverð 420 kr. hvert tonn heimkeyrt. Gjaldið standi ávallt á heilum eða hálfum eyri.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

1. Að roforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.
2. Að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
3. Að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum samkvæmt II. kafla.
4. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastíllar notaðir.
5. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*